

**Ed.**

**119. Þingsályktun**

um öflun gagna varðandi ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 1. okt.)

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reiknað verði út, svo fljótt sem verða má, hvert verð landbúnaðarafurða og andvirði þeirra til bænda hefði verið á árunum 1939 til 1942, ef það hefði verið ákveðið samkvæmt grundvelli þeim, er nefnd sú fann, sem skipuð var samkv. 4. gr. 1. um dýrtíðarráðstafanir, nr. 42 frá 14. apríl 1943. Niðurstöður útreiknings þessa skal þegar leggja fyrir Alþingi ásamt ýtarlegri greinargerð um grundvöll þann, sem téð nefnd fann og byggði niðurstöður sínar á.